

Alþingi  
Erindi nr. D 139/72Y  
komudagur 7.12.2010

Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavíkurlugvelli, 6. desember 2010

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Ísafjarðarflugvöll (28. mál)**

*Icelandair Group hf., ásamt dótturfélagunum Flugfélagi Íslands og Icelandair, þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem fjallar um millilandaflug um Ísafjarðarflugvöll.*

Viðleitni þingmanna til að auka umsvif og hagræði í millilandaflugi er fagnaðarefni. Það er mikilvægt að stjórnvöld komi til móts við ferðaþjónustufyrirtæki, m.a. með því að tryggja hagkvæma staðsetningu flugvalla. Í þessu samhengi er til að mynda mikilvægt að festa Reykjavíkurlugvöll enn frekar í sessi sem miðstöð innanlandsflugs enda hefur það falið í sér mikið hagræði fyrir Íslendinga að hafa flugvöll í hjarta miðborgarinnar. Reykjavíkurlugvöllur er jafnframt mikilvægur varaflugvöllur millilandaflugs um Keflavíkurlugvöll.

Staðsetning Ísafjarðarflugvallar hentar vel fyrir flug til Grænlands og gæti búnaður og aðstaða fyrir millilandaflug á Ísafirði því verið til hægðarauka fyrir ferðir á milli landanna. Óvíst er þó hve mikið notagildi flugvöllurinn hefði enda hentar staðsetning hans illa fyrir meginþorra landsmanna og sennilega er Reykjavík vinsælli komustaður fyrir Grænlandinga heldur en Ísafjörður. Millilandaflugvöllur á Ísafirði gæti hins vegar opnað á frekara samstarf milli Íslands og Grænlands líkt og bent er á í téðri þingsályktunartillögu.

Vara verður þó við þeim aukna kostnaði sem millilandaflugvöllur á Ísafirði gæti haft í för með sér. Nú þegar hefur þung byrði verið lögð á ferðaþjónustufyrirtæki með tryggingargjaldi, kolefnisgjaldi, útblásturskvótum og gjaldskrárhækkunum. Slíkar álögur gera það einungis að verkum að íslenska ríkið verður af gjaldeyriskjum og verð hækka innan ferðaþjónustunnar. Það væri því skammgóður vermir að ætla að fjármagna umbætur á Ísafjarðarflugvelli með auknum gjöldum á flugfélög. Tillagan myndi þá snúast upp í andhverfu sína enda ljóst að notkunargildi flugvallarins myndi ekki vega upp áhrifin sem aukin gjaldtaka hefði á flugfélög.

Af ofansögðu er ljóst að tryggja þarf að flugfélög beri ekki kostnaðinn af fjármögnun aukinna umsvifa Ísafjarðarflugvallar, verði hann gerður að millilandaflugvelli. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Icelandair Group hf.

  
ICELANDAIR GROUP HF  
GENERAL COUNSEL



Davíð Þorláksson hdl.  
Yfirlögfræðingur